

Fjölskyldu- og styrktarsjóður lækna

Ársreikningur 2017



Löggiltir endurskoðendur ehf

Efnisyfirlit

bls.

Áritun óháðra endurskoðenda og skoðunarmanna LI	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur - eignir	6
Efnahagsreikningur - skuldir og eigið fé	7
Yfirlit um sjóðsstreymi	8
Reikningsskilaaóferðir	9 - 10
Skýringar	11
Sundurliðanir	12

Fjölskyldu og styrktarsjóður lækna
Hilðarsmára 8
201 Kópavogur
kt. 510701-2590

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og aðildarfélaga í Fjölskyldu- og styrktarsjóði lækna.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning félagsins fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun og skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir sjóðsstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Fjölskyldu- og styrktarsjóði lækna í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun ársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á ársreikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

Tekjuskráning og verðbréfaeign

Tekjuskráning er umfangsmikil og mikill fjöldi færslna sem streymir frá iðgjaldakerfi í fjárhagsbókhald. Skráning tekna er einn af lykilþáttum í endurskoðun á ársreikningi félagsins vegna mikils fjölda af færslum og uppgjöra í tekjuskráningarkerfi. Endurskoðunaraðgerðir okkar miðuðu að því að leggja mat á hönnun, innleiðingu og virkni á sjálfvirkum eftirlitsþáttum með tekjuskráningu auk viðeigandi gagnaendurskoðunaraðgerða með það að markmiði að sannreyna nákvæmni í tekjuskráningu félagsins og að tekjur séu skráðar á viðeigandi tímabil. Í þeirri vinnu fólst m.a. að lagt var mat á þau tölvu- og upplýsingakerfi sem notuð eru við tekjuskráningu og flæði á milli tekjakerfa og fjárhagskerfis. Farið yfir innborganir tekna og afstemmingar á bankareikningum. Verðbréfaeign félagsins er umtalsverð og tryggja þarf að færslur á verðbréfasöfnum skill sér rétt í bókhald félagsins.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og viðmiðunarreglur. Stjórn og framkvæmdastjóri er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst mikil víska en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og höfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur fallið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita állt á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum hvort reikningssskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varamaðgerða við höfum griplið.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Kópavogur, 5. júní 2018

Löggiltir endurskoðendur ehf.



Ómar Davíðsson
endurskoðandi

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn LI höfum yfirfarið ársreikning Fjölskyldu- og styrktarsjóðs lækna fyrir árið 2017 og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Kópavogur, 5. júní 2018

Birna Jónsdóttir
félagskjörinn skoðunarmaður



Sigurður E. Þorvaldsson
félagskjörinn skoðunarmaður

• Greinum og metum hættuna á verulegri skökkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skökkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skökkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

• Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

• Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

• Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að vika frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

• Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og límasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur síðareglina um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varamaðgerða við höfum gripið.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útlíki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Kópavogi, 5. júní 2018

Löggiltir endurskoðendur ehf

Ómar Davíðsson
endurskoðandi

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir, kjómur skoðunarmenn Lí höfum yfirfarið ársreikning Orlofssjóðs Læknafélags Íslands fyrir árið 2017 og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Kópavogi, 5. júní 2018

Birna Jónsdóttir
félagskjörinn skoðunarmaður


Sigurður E. Þorvaldsson
félagskjörinn skoðunarmaður


Áritun stjórnar

Hagnaður ársins 2017 nam kr. 26.328.486. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins félagsins kr. 241.847.158, bókfært eigið fé í árslok er kr. 229.364.057 og eiginfjárlutfall 94,8%.

Að álitu stjórnar Fjölskyldu- og styrktarsjóðs lækna koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn Fjölskyldu- og styrktarsjóðs lækna staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Kópavogur, 5. júní 2018

Í stjórn:


Gætur Sævarsson

Rekstrarreikningur 2017

	Skýringar	2017	2016
Iðgjöld		74.023.292	69.298.806
Úthlutaðir styrkir	3	51.371.275	47.397.290
Hlutdeild í kostnaði LIS		4.718.946	4.140.639
Annar rekstrarkostnaður		93.035	108.171
		<u>56.183.256</u>	<u>51.646.100</u>
Hagnaður fyrir fjármagnslíði og afskriftir		17.840.036	17.652.706
Vaxtatekjur	4	9.235.129	3.278.807
Vaxtagjöld, verðbætur og fjármagnstekjuskattur	5	(746.679)	(194.011)
		<u>8.488.450</u>	<u>3.084.796</u>
Hagnaður ársins		<u><u>26.328.486</u></u>	<u><u>20.737.502</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir	Skýringar	2017	2016
Veltufjármunir			
Óinnheimt lögjöld og aðrar skammtímakröfur	6	16.596.594	2.573.302
Markaðsverðbréf	6	143.605.309	134.409.660
Handbært fé	6	<u>81.645.255</u>	<u>73.616.166</u>
		<u>241.847.158</u>	<u>210.599.128</u>
Eignir samtals		<u><u>241.847.158</u></u>	<u><u>210.599.128</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2017	2016
Eigið fé	8		
Óráðstafað eigið fé		<u>229.364.057</u>	<u>203.035.571</u>
		229.364.057	203.035.571
Skuldir			
Læknafélag Íslands		4.718.946	0
Afallinn, ógjaldfallinn fjármagnstekjuskattur		6.441.718	4.732.645
Aðrar skammtímaskuldir	7	<u>1.322.437</u>	<u>2.830.912</u>
		12.483.101	7.563.557
Skuldir samtals		12.483.101	7.563.557
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>241.847.158</u></u>	<u><u>210.599.128</u></u>

Yfirlit um sjóðsstreymi ársins 2017

	2017	2016
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður ársins	<u>26.328.486</u>	<u>20.737.502</u>
Veltufé frá rekstri	26.328.486	20.737.502
(Hækkun) lækkun rekstrartengdra eigna:		
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	(23.218.941)	35.847.447
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:		
Skammtímaskuldir	<u>4.919.544</u>	<u>(1.817.062)</u>
	(18.299.397)	34.030.385
Handbært fé frá rekstri	8.029.089	54.767.887
Hækkun á handbæru fé	8.029.089	54.767.887
Handbært fé í ársbyrjun	<u>73.616.166</u>	<u>18.848.279</u>
Handbært fé í árslok	<u>81.645.255</u>	<u>73.616.166</u>

Reikningsskilaaðferðir

1. Starfsemi

Fjölskyldu- og styrktarsjóður lækna (FOSL) var stofnaður á árinu 2002 annarsvegar í samræmi við kjarasamning Læknafélags Íslands v / sjúkrahúsalækna og fjármálaráðherra, f.h. Ríkissjóðss og St. Franciskusspítala dags. 2. júlí 2001 og hinsvegar með úrskurði kjaranefndar vegna heilsugæslulækna dags. 4 desember 2001.

Reglur sjóðsins taka jafnframt til sjálfstætt starfandi lækna sem hafa greitt lóggjald til sjóðsins.

Heimili og varnarþing sjóðsins er á starfsstöðu Læknafélags Íslands.

Læknafélag Íslands annast, með samningi við stjórn sjóðsins, almenna afgreiðslu fyrir sjóðinn, færslu bókhalds, undirbúning þess í hendur endurskoðenda og uppgjör opinberra gjalda vegna fyrirgreiðslu sem sjóðurinn veitir sjóðsfélögum.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) lóggjöld launagreiðanda, sem nema 0,41% af heildarlaunum sjóðsfélaga, sbr. kjarasamning sjúkrahúslækna, úrskurð kjaranefndar og kjarasamning heilsugæslulækna, við stofnun allt frá 1. janúar 2001. lóggjaldið skal greitt mánaðarlega eftirá skv. útreikningi launagreiðanda.
- b) lóggjöld sjálfstætt starfandi lækna, nema 0,41% af reiknuðu endurgjaldi sjóðsfélaga skv. reglum ríkisskattstjóra.
- c) Vextir og verðbætur af innistæðum sjóðsins.
- d) Aðrar tekjur.

Hlutverk FOSL er skv. greindum kjarasamningi, sbr. 1., 2. og 3. tl. gr. 11.1.1:

1. að taka við lóggjöldum launagreiðanda og ávaxta þau.
2. að taka við umsóknum, ákvarða og annast greiðslur til sjóðsfélaga í fæðingarorlofi, þegar fyrir liggur samkvæmt útreikningum að viðkomandi hefði notið betri réttar skv. reglum kjarasamnings sjúkrahúslækna dag. 1. desember 1997 eða reglugerð nr. 410/1989 um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins, er giltu um fæðingarorlof sjóðsfélaga fyrir gildistöku laga nr. 95/2000, en sjóðsfélagi nýtur skv. lögum nr. 95/2000. Skilyrði réttinda til greiðslna úr sjóðnum, er að læknir hafi á einhverjum tíma notið framangreindra réttinda til fæðingarorlofs eins og þau voru fyrir gildistöku laga nr. 95/2000. Uppgjör vegna barnsburðarleyfis getur eingöngu varðað lækni í starfi í samræmi við lög um fæðingarorlof nr. 95/2000 og reglur kjarasamnings dags. 1. desember 1997 / reglugerð nr. 410/1989 um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins.
3. að veita sjóðsfélögum sem eignast barn, taka barn til ættleiðingar eða í varanlegt fóstur 1. janúar 2005 eða síðar sérstakan fæðingarstyrk að fjárhæð kr. 520.000. Ef foreldrar barns eru báðir læknar greiðist vegna hvers barns öðru foreldri fullur styrkur en hinu foreldrinu hálfur styrkur. Ef um fjölbura er að ræða hækkar fjárhæðin um 50% fyrir hvert barn. Eingöngu lækna sem starfa og þiggja laun á Íslandi eiga rétt að fá greiddan fæðingarstyrk úr sjóðnum.
4. að veita úrfararstyrk vegna andláts sjóðsfélaga að fjárhæð kr. 750.000. Með sjóðsfélaga í þessu tilliti er einnig átt við starfsmenn sem voru sjóðsfélagar er þeir létu af störfum vegna aldurs eða örorku. Styrkurinn greiðist þeim aðila er útförina annast.

Reikningsskilaaðferðir

5. Samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar er hlutverk sjóðsins að öðru leyti, að veita sjóðsfélögum styrki, sjá 8. gr. samkvæmt rökstuddri ákvörðun sjóðsstjórnar hverju sinni, þannig að komið sé til móts við:

- a) tekjutap sjóðsfélaga vegna ólaunaðra fjarveru frá læknaströfum vegna veikinda sjóðsfélaga eða náinna vandamanna hans eða vegna annarra sérstakra persónulegra aðstæðna.
- b) óbætt áföll vegna óvæntra starfsloka eða annarra óvæntra áfalla sjóðsfélaga.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Fjölskyldu- og styrktarsjóðs lækna fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur á Íslandi. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Rekstrarreikningur

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar þær eru áfallnar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Vaxtatekjur

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Efnahagsreikningur

Verðbréf

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreytingin í rekstrarreikning á því tímabili sem þær falla til.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

Handbært fé

Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Skýringar

3. Úthlutaðir styrkir

	2017	2016
Styrkir vegna veikinda	14.126.275	21.297.290
Styrkir vegna fæðinga	35.840.000	23.000.000
Styrkir vegna jarðarfara	1.240.000	3.100.000
Eingreiðslustyrkur	165.000	0
	<u>51.371.275</u>	<u>47.397.290</u>

4. Fjármunatekjur

	2017	2016
Vaxtatekjur af bankareikningum	1.748.553	973.763
Tekjur af markaðsverðbréfum	7.486.576	2.305.044
	<u>9.235.129</u>	<u>3.278.807</u>

5. Fjármagnsgjöld

	2017	2016
Vaxtagjöld	746.107	193.439
Bankakostnaður	572	572
	<u>746.679</u>	<u>194.011</u>

6. Peningalegar eignir

Óinnheimt lögjöld

	31.12.2017	31.12.2016
Óinnheimt lögjöld í ársbyrjun	2.573.302	41.168.316
lögjöld ársins	74.023.292	69.298.806
Greitt á árinu	(60.000.000)	(107.893.820)
	<u>16.596.594</u>	<u>2.573.302</u>

Markaðsverðbréf

	31.12.2017	31.12.2016
Arion banki - verðbréf	77.818.592	73.250.507
Íslandsbanki - verðbréf	65.786.717	61.159.153
	<u>143.605.309</u>	<u>134.409.660</u>

Handbært fé

	31.12.2017	31.12.2016
Bankainnistæður	81.645.255	73.616.166
	<u>81.645.255</u>	<u>73.616.166</u>

7. Peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2017	31.12.2016
Ógr. launatengd gjöld	1.322.437	2.830.912
	<u>1.322.437</u>	<u>2.830.912</u>

8. Eigið fé

	2017	2016
Eigið fé í ársbyrjun	203.035.571	182.298.069
Hagnaður	26.328.486	20.737.502
Eigið fé ársins	<u>229.364.057</u>	<u>203.035.571</u>

Sundurliðanir

Annar kostnaður	2017	2016
Árshálfó Læknafélags Reykjavíkur	<u>93.035</u>	<u>108.171</u>
	<u>93.035</u>	<u>108.171</u>